

c) í öllum öðrum tilvikum	70.000
2) Viðbótargjald vegna rannsóknar skv. 1. tl., ef umsókn tekur til fleiri en einnar uppfinningar sem eru óháðar hver annarri	70.000
3) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO), skv. 3. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT	108.100
4) Gjöld fyrir alþjóðlega nýnæmisrannsókn („International Type Search“) á íslenskrri einkaleyfisumsókn, skv. 9. gr. ell., sbr. 5. gr. rg. ell.:	
a) Grunnjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni	64.000
b) Viðbótargjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram 10	1.300
c) Grunnjald hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO)	108.100

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júní 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 31. maí 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum, sbr. reglugerð nr. 169/1995, um breyting á henni.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi þremur gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentimetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar		Gjald í %
	Bensínvélar	Dísilvélar	
I	0 - 1.600	0 - 2.100	30
II	1.601 - 2.500	2.101 - 3.000	40
III	Yfir 2.500	Yfir 3.000	65

2. gr.

Við 1. tölul. 22. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, e-liður, er orðist svo:
e. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.

3. gr.

4. tölul. 23. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

4. Af leigubifreiðum til fólksflutninga skal vörugjald lækka um 3/4 hluta þess sem gjaldið er umfram 30%. Að teknu tilliti til eftirgjafar verður því gjald sem hér segir, sbr. 3. gr.:

Flokkur	Sprengirými aflvélar		Gjald í %
	Bensínvélar	Dísilvélar	
I	0 - 1.600	0 - 2.100	30,00
II	1.601 - 2.500	2.101 - 3.000	32,50
III	Yfir 2.500	Yfir 3.000	38,75

4. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 29 13. apríl 1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 31. maí 1996.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.